

Kynning á nýjum kjarasamningum

Félagsfundur 14. desember 2022

Kjarasamningar 2022

VR hefur undirritað nýja kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda.

Gildistími samninganna er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 – þeir taka við af Lífskjarasamningnum.

Allar launahækkanir gilda frá og með 1. nóvember og koma launahækkanir fyrir nóvembermánuð til greiðslu um áramótin.

Þegar litið er til alls félagsfólks VR er meðalhækkun launa samkvæmt samningunum 7,42%.



Markmið samninganna

Markmið samninganna er ...

að styðja við kaupmátt launa,

að ná niður verðbólgu og stuðla að lækkun vaxta,

að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika,

að auka upplýsingagjöf til heimila um þróun verðlags,

að skapa forsendur fyrir langtímasamningi.



Launataxtar hækka um 36 – 52 þúsund

	Byrjunarlaun	Eftir 6. mán.	Eftir 1 ár	Eftir 2 og 3 ár	Eftir 5 ár
Afgreiðsla	36.015	39.208	38.824	42.541	49.889
Sérþjálfaðir	36.523	40.193	40.403	43.212	51.823
Skrifstofa	40.115			52.139	
Lyfjataeknar	39.574	41.534		43.789	51.823
Afþreying	38.889	41.176	41.648	43.432	52.139
Gestamóttaka	38.889	41.176	41.648	43.432	52.139

Nýir launataxtar frá 1. nóvember 2022



	Byrjunarlaun	Eftir 6. mán.	Eftir 1 ár	Eftir 2 og 3 ár	Eftir 5 ár
Afgreiðsla	406.923	416.205	418.114	429.833	441.919
Sérþjálfaðir	412.712	423.345	425.198	437.127	450.587
Skrifstofa	441.145			457.828	
Lyfjataeknar	433.736	437.478		445.521	461.732
Afþreying	425.848	432.583	438.297	444.462	457.828
Gestamóttaka	425.848	432.583	438.297	444.462	457.828


Almenn launahækkun frá 1. nóvember 2022



Laun þeirra sem ekki eru á töxtum hækka um 6,75% frá 1. nóvember 2022, þó að hámarki 66 þúsund krónur. Laun umfram 975 þúsund á mánuði fá að hámarki 66 þúsund króna hækkun.

Hagvaxtarauka verður flýtt og hann felldur inn í launahækkunir.

Hækkun í krónum



Hver er hækkunin?

VR



VR

Last updated on Dec 14, 2022 by [VR](#)

Views: 7 0

Launareiknivél

Í kjarasamningum sem undirritaðir voru í desember 2022 var samið um 6,75% hækkun launa, þó að hámarki 66.000 kr. En launataxtar hækkuðu hlutfallslega meira, [sjá launataxta](#).

Reiknivélin sýnir laun árið 2023 í samanburði við laun 2022.

Núverandi laun

650.000

Heildarlaun og útborguð laun eftir ári

	2022	2023
Mánaðarlaun	650.000	693.875
Útborguð laun	460.639	493.331

Áhrif kjarasamningsbundinna hækkana



Áætluð heildarhækkun á einu ári er: 526.500 kr.

Áætluð heildarhækkun útborgaðra launa á einu ári er: 392.305 kr.

Desember- og orlofsuppbætur hækka

The logo consists of the letters 'VR' in a white, bold, sans-serif font, centered within a dark blue square.

Desemberuppbót
2023 verður 103
þúsund krónur
miðað við fullt starf

Orlofsuppbót 2023
verður 56 þúsund
krónur miðað við
fullt starf

Starfshópur og forsendunefnd

Skipaður verður starfshópur sem mun funda mánaðarlega til að fylgjast með framvindu efnahagsmála og þróun verðlags. Starfshópurinn mun funda ársfjórðungslega með Seðlabanka Íslands, Hagstofunni og ráðuneytum.

Starfshópurinn skal skipaður tveimur fulltrúum frá SA og tveimur fulltrúum frá samninganefndum stéttarféлага.

Forsendur samningsins eru spár Seðlabankans um verðbólguþróun. Ef líkur eru á að forsendur standist ekki mun starfshópurinn greina orsakirnar og getur óskað eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum, krefjist aðstæður þess.

Forsendunefnd verður sett á laggirnar sem getur kallað til sérstaks fundar um viðbrögð meti hún það svo að forsendur um verðlag hafi brostið.

Verðlagseftirlit

Opnuð verður sérstök vefsíða þar sem verð á um 80 nauðsynjavörum í helstu matvöruverslunum verður birt daglega. Markmiðið er að auka samkeppni og gefa almenningi færi á að fylgjast með þróun verðlags.

Efnt verður til átaks til að hvetja almenning að vera á verði gagnvart verðbreytingum og fólki gert mögulegt að koma með athugasemdir við verðbreytingar.

Viðskiptavinir bankanna eigi rétt á að fá viðskiptayfirlit yfir allan kostnað sem þeir hafa greitt, þar með talið þjónustugjöld og vaxtakostnað. Markmiðið er að auka samkeppni og gera almenningi kleyft að kalla eftir tilboðum í bankaviðskipti sín.



Verkefni næstu mánaða



1

Vinna við bókanir

Er hafið.
Lýkur 10. febrúar 2023.

2

Fagnám og sí- og
endurmenntun

Hefst 19. janúar 2023.
Lýkur 9. nóvember 2023.

3

Vinnutími (orlof, stytting,
frídagar, sveigjanleiki o.fl.).
Fjarvinna

Hefst 14. mars 2023.
Lýkur 14. desember 2023.

6

Aðbúnaður og heilsa
(veikindi, heilsuefling,
heilsuvernd)

Hefst 10. október 2023.
Lýkur 14. desember 2023.

5

Lífeyrissjóður og
atvinnulýðræði

Hefst 13. september 2023.
Lýkur 14. desember 2023.

4

Önnur mál (áunnin réttindi,
uppsagnarfrestur, uppgjörstímabil
launa, ferðir til og frá vinnu o.fl.)

Hefst 16. maí 2023.
Lýkur 6. september 2023.

Aðkoma stjórnvalda

Ríkisstjórnin hefur tilkynnt um aðgerðir til að liðka fyrir gerð kjarasamninga, m.a.:

1. Húsnæðisbætur leigjenda hækka um 13,8% í upphafi 2023 og tekjuskerðingarmörk húsnæðisbóta hækka um 7,4%.
2. Almenn heimild til skattfrjálsrar nýtingar séreignarsparnaðar til kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða ráðstöfunar inn á höfuðstól verður framlengd til ársloka 2024.
3. Barnabótakerfið verður einfaldað, stuðningur við barnafjölskyldur efldur og fjölskyldum sem njóta stuðnings fjölgað.
4. Dregið verður úr skerðingum í barnabótakerfinu, jaðarskattar af völdum barnabóta lækkaðir og skilvirkni og tímanleiki bótanna aukinn.
5. Veittur verður 10 m.kr. viðbótarstuðningur til að auka aðhald á neytendamarkaði.



Kosið um nýja kjarasamninga

The logo consists of the letters 'VR' in a white, bold, sans-serif font, centered within a dark blue square.

Atkvæðagreiðsla um
kjarasamningana hófst á
hádegi í dag, miðvikudaginn
14. desember, og lýkur á
hádegi miðvikudaginn
21. desember.

Allt félagsfólk sem starfar
samkvæmt samningunum
hefur atkvæðisrétt.

Atkvæðagreiðslan er rafræn og er
aðgangur að kjörseðli á vr.is